



Forsætisráðuneytið
Lækjargata
101 Reykjavík

Reykjavík 5.12.2025

Drög að atvinnustefnu Íslands - Vaxtarplan til 2035

Landvernd hefur kynnt sér atvinnustefnu fyrir Ísland og sér þar mikilvæga punkta sem vert er að taka undir og styðja við. En önnur atriði bera vott um framtíðarsýn sem takmarkast við trú á lausnir fortíðar, hraðan hagvöxt og hefðbundnar stórtækar lausnir, þar sem varúðarviðhorf gagnvart neikvæðum afleiðingar slíks hraðvaxtar er lítt sjáanleg. Spyrja má hvort það sé hlutverk ríkisstjórnar að grípa inn í einstakar atvinnugreinar til þess að hraða hagvexti hvað sem það kostar í náttúru, umhverfi og samfélagi. Eða eins fram kemur í umsögn Tryggva Felixssonar:

“... hvert er heppilegt og ásættanlegt hlutverk ríkisins í þróun atvinnu og efnahagslífs. Á ríkið að láta sér nægja að skapa almennt góð skilyrði fyrir atvinnulífið og koma í veg fyrir með gjöldum og reglum að það valdi skaða á umhverfi og mannlífi. Eða á ríkið að draga fram einstaka atvinnugreinar sem sérlega mikilvægar og gagnvart þeim að einfalda reglur og líta fram hjá neikvæðum afleiðingum á náttúruarf þjóðarinnar..“

Þessi kjarni máls verður vonandi til umræðu á Alþingi og í samfélaginu öllu, því saga stórfelldra inngripa ríkisstjórna inn í atvinnulífið er áfallasaga í mörgum löndum, þar með Íslandi, og gengur oft gegn heilbrigðum vexti og sjálfbærum framleiðsluháttum.

Ánægjulegt er að sjá áherslur á loftslagsmál, minni losun, áfallapol atvinnugreina, fjölbreytt atvinnulíf, vöxt hugverkaiðnaðar, heilsutengda atvinnuuppbyggingu og gildi upplifunar. Í kaflanum um hugverkaiðnað, segir að sá vöxtur takmarkist ekki af náttúruauðlindum og losun sé lítil, þetta falli að meginmarkmiði atvinnustefnunnar.

Vöxtur hugverkaiðnaðarins takmarkast ekki af náttúruauðlindum heldur aðgengi að hæfu starfsfólki með rétta færni og sérfræðipækkingu. Losun gróðurhúsalofttegunda er lítil eða engin í rekstri fyrirtækja í hugverkaiðnaði sem fellur vel að markmiði um minnkandi losunarkræfni útflutningsverðmæta. Í hugverkaiðnaði eru fjölbreytt störf og framleiðni mikil. Vöxtur hugverkaiðnaðar fellur að meginmarkmiði atvinnustefnunnar.



Hvernig ríkisstjórnin hugsar sér þennan jákvæða vöxt sem hún segir falla að meginmarkmiði atvinnustefnunnar verður vonandi miklu betur útfært í samvinnu við þau sem best til þekkja og hafa náð árangri á sviðum nýsköpunar og hugverkaiðnaðar.

Þessi atvinnustefna flettir hulunni af gamaldags nýfrjálshyggjustefnu núverandi ríkisstjórnar – þar sem hagvöxtur er eini tilgangur hagkerfisins. Hún virðist ekki hafa fylgst með því að í meira en 20 ár hefur verið kallað eftir nýjum áherslum, þar sem mikilvægi hagvaxtar er lagt til hliðar, en þess í stað er tilgangur hagkerfisins að leiða til sjálfbærni, verndun líffræðilegs fjölbreytileika og velsældar manna og náttúru.

GAGNAVER

Kaflinn sem fjallar um orkufreka og hraða uppbyggingu fábreyttra atvinnugreina - sem nú þegar hafa vaxið alltof hratt með alvarlegum afleiðingum fyrir náttúru og umhverfi, bæði á sjó og landi - þarf að endurskoða og nálgast með nýrri sýn. Þar er lögð mikil áhersla á uppbyggingu gagnavera, en sem kunnugt er þarfnast þau mikillar orku, skapa fá störf og lítið er vitað um hvernig gögn eru geymd á hverjum stað – eða hvaða starfsemi þar fer fram. Ekkert er fjallað um samfélagsábyrgð eða umhverfisáhrif og þær varanlegu náttúrufórnir sem þarf að færa til framleiðslu raforku fyrir gagnaver. Einnig er öll starfsemin sett undir einn hatt en geymd gögn eru allskonar og fjarstæðukennt að setja þau öll undir eitt númer sem gervigreind á að nota til framtíðar. Eins og kunnugt er fer gröftur rafmyntar fram í gagnaverum og ekki er enn augljóst hvort rafmynt verði mikilvæg fyrir fjármálastarf framtíðar. Stjórnvöld þurfa að vita hverskonar gagnaver þau laða að, þannig hefur það ekki verið og á það er ekki minnst í stefnudrögum. Hér þarf að draga lærdóm af reynslu nágrannalanda sem nú þegar hafa leyft uppbyggingu gagnavera í stórum stíl, oft með ófyrirsjáanlegum afleiðingum og stórtækum gjaldprotum. Nýleg grein á á Vísu um [reynslu Dana af gagnaverum](#) sýnir stöðuna sem hefur síst verið betri í Noregi og Svíþjóð.

Atvinnuuppbygging af þessu tagi hefur verið með hreinum endemum, einkum á norðlægum slóðum, og má þar nefna [gjaldprot Northvolt í Skellefteå](#) í Norður-Svíþjóð, þar sem verksmiðja fór í prot og íbúafjöldi norðursænska þorpsins fór úr 800 í 200 á einum degi í fyrra. Undirverktakar, starfsfólk, almenningur, lífeyrissjóðir og almennir hluthafar töpuðu stórt. En frumkvöðull framkvæmdanna og stofnandi seldi hlutabréf fyrir 198 sænskar milljónir á þremur árum.

<https://da.se/2025/05/barackbostader-monteras-ner/>



Í úttektum frá Danmörku um slakan ávinning af gagnaverum kemur einnig fram að viðskiptamódel þeirra byggir á því að greiða sem allra minnstan skatt þar sem geymslurnar eru staðsettar og í flestum tilvikum er fjöldi sérhæfða starfa lofað sem ekki verða að raunveruleika.

FISKELDI

Í stefnuðrögunum er áhersla lögð á að byggja upp fiskeldi bæði á sjó og landi og enginn greinarmunur gerður á því hvort er. Landvernd hefur á öllum stigum tekið undir það sjónarmið annarra náttúruverndarféлага og veiðifélaga að sjókvíaelði eigi ekki að vaxa eins og verið hefur og ekki að leggja undir sig nýja firði. Fórarkostnaðurinn er þegar of mikill, sjókvíaelði samræmist ekki dýravelferð, náttúruvernd og vernd villtra laxastofna. Að leggja að líku eldi í sjókvíum og á landi er mikil stefnubreyting frá því sem [stjórnarflokkarnir boðuðu](#) fyrir kosningar. Þá ræddu frambjóðendur um það á opnum fundi Landverndar að fasa út sjókvíaelði, leggja áherslu á dýravernd, sjálfbærni og verndun villta laxins. Flokkarnir lýstu sig andsnúna sjókvíaelði í Seyðisfirði og lýstu stuðningi við landeldi umfram sjókvíaelði. Nú er áhersla á hvoru tveggja, stefnubreyting sem kemur óþægilega á óvart og er ekki í anda fjölbreytni, áfallapols eða upplifunargildis í náttúrunni. Lítið traust er til sjókvíaeldis, viðurkennt er að greinin hefur vaxið of hratt með miklum skaða og þar að auki verið rekin með tapi. Að ríkisstjórn vilji sérstaklega styðja við framhald sjókvíaeldis (sem er að mestu rekið af norskum eigendum), án varúðarsjónarmiða, er óskiljanlegt. Líta þarf til reynslu Norðmanna af þessum atvinnurekstri, en þar eins og í gagnaversbransanum eru líka dæmi um stór gjaldþrot og að lífsneistinn hefur sogast út úr litlum samfélögum vegna óábyrga stórfamkvæmda sem hafa farið úr böndum. Einnig má ekki gleyma að stór fjöldi bænda reiðir sig á tekjur frá sölu laxveiðileyfa og um leið og árnar eru eyðilagðar af strokulöxum fer sú tekjulind – sem er oft nálagt 50% af árstekjum.

STÓRIÐJA

Í orkukafla stefnuðraganna er rifjað upp mikilvægi stóriðjunnar fyrr á árum, sem leiddi til þess að Ísland varð mikill orkuframleiðandi og selur nú þremur álverum um 80 prósent framleiddrar orku í landinu. Nýlega lýsti umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra sérstökum stuðningi við stóriðjuna á haustfundi Landsvirkjunar. Sú sýn speglast í orkustefnu sem einnig er í umsagnarferli, reyndar á undan atvinnustefnunni. Ríkisstjórnin hyggst vinna áfram að stuðningi við stóriðjustefnu á Íslandi. Vissulega er talað um nýsköpun og fullvinnslu en mest áberandi er óskín um meiri stóriðju í viðbót við stórfellda gagnaversuppbyggingu. Þetta er undarleg áhersla miðað við þau tímamót sem stóriðjan



LANDVERND

stendur nú á. Fleiri verksmiðjur en þær sem starfandi eru hafa hætt, orðið gjaldþrota, misst markaði, þegið niðurgreiðslur sem ekki duga og hafa auk þess valdið miklu álagi á samfélög þar sem illa hefur gengið. Þessi tímamót ættu að vera ríkisstjórninni hvatning til að fara í saumana á því hvaða stóriðja er lífvænleg, án ríkisstyrkja og sérstakra tollaívilnana. Hvað leggur stóriðjan til samfélagsins í viðbót við að vera stór orkukaupandi, útblástur, mengun og störfín í og í kringum verksmiðjurnar? Og hver er fórnarkostnaðurinn á hverjum stað? Er það virkilega keppikefli ríkisstjórnar sem endurtekið hefur lýst yfir orkuskorti sem jaðrar við neyð, að ríghalda í verksmiðjur til að halda uppi niðurgreiddri offramleiðslu á kísil, inn á markaði sem vill ekki vill taka við framleiðslunni? Eða eins og segir í umsögn Tryggva Felixsonar.:

“Til framleiðslu á raforku til stóriðju hefur nú þegar miklu verið fórnað af unaði íslenskrar náttúru og víðerna. Sú fórn kemur ekki fram í þjóðhagsreikningum. Þessi fórn gengur undir heitinu „ytri kostnaður“. Stofnanir eins og OECD og IMF hafa bent á að Íslendingar þurfi nú að huga betur að þessum þætti þegar teknar eru ákvarðanir um frekari öflun raforku til orkufrekrar framleiðslu.”

Orkuspa sem kynnt var í byrjun vikunnar sýndi að nú er tækifæri til að endurhugsa hlutina. Ekki var þó að sjá tilhneigingu til slíks hjá Landsneti, þar sem farið var með himinskautum í háspá um að raforkunotkun aukist úr tæplega 20 TWst í dag í 44 TWst 2050, eða um 116%. Á sama tíma var dregin upp orkuskortsspáin, eins og orkuskortur væri sérstakt keppikefli til framtíðar. Orkuskortur er ekki raunveruleikinn núna, nema tekin verði pólitísk ákvörðun um að skapa hann með því að laða til landsins meiri orkufrekan iðnað, frekar en að leggja áherslu á orkuskipti og aðra atvinnuuppbyggingu en orkufrekan iðnað.

ATVINNUSTEFNA Í NÁTTÚRUVERND

Fjarvera náttúruverndarinnar í atvinnustefnu stjórnvalda er áberandi og úr því þarf að bæta. Það vantar kafla í atvinnustefnuna um hvernig náttúruvernd getur og á að styðja við fjölbreyttar atvinnugreinar sem ekki ganga á auðlindir þjóðarinnar, heldur verja þær og viðhalda þeim. Landvernd hefði viljað sjá Hálendisþjóðgarð í atvinnustefnu stjórnvalda. Slíkur þjóðgarður hefði stutt við sjálfbæra og uppbyggilega ferðaþjónustu, og skapað störf, þar sem ekki væri ríkjandi villta-vesturs-gjaldtaka og sjálftaka á landi og náttúruperlum. Þjóðgarður myndi sömuleiðis verja okkar dýrmætustu svæði, dýralíf, vistkerfi, víðerni og stjórnarskrárvarinn rétt okkar allra til að ferðast um náttúru Íslands. Hann myndi skapa grundvöll til framtíðar atvinnuuppbyggingar á ósnortnu landi margar kynslóðir fram í tímann.



STUÐNINGUR VIÐ BETRA SAMFÉLAG

Fleira tengt náttúruvernd þarf að fara inn í atvinnustefnuna. Marka þarf skýra sýn og setja inn í aðgerðaáætlun planið um endurheimt votlendis, hvernig við græðum upp Ísland þar sem ofbeit og framkvæmdir hafa spilt því, ræktum rétt tré á réttum stað til fjölbreytilegra nota, kolefnisbindingar, útivistar, skjóls og timburframleiðslu. Bæta þarf umhverfi lífrænnar og auðgandi (e. regenerative) landbúnaðarframleiðslu, einfalda regluverk fyrir minni matvælaframleiðendur til þess að greiða fyrir milliliðalausri sölu fjölbreyttra afurða beint frá býli. Beina orkusölu í auknum mæli í grænmetisframleiðslu og breyta styrkjakerfi landbúnaðarins þannig að það styðji við lífræna, umhverfisvæna, sjálfbæra, auðgandi framleiðslu frekar en kolefnislosandi iðnaðarbúskap. Breytt stuðningskrefi landbúnaðarins gæti stutt við fjölbreyttari, vistvænni og heilsusamlegri byggðir, þar sem einstaklingsframtakið gæti notið sín, en fólk þyrfti ekki að bíða eftir verksmiðjunni, stórvirkjuninni, gagnaversfixinu eða stórfelldu sjókvíaelði til að tryggja afkomu sína.

HEILBRIGÐ NÁTTÚRA OG FRAMTÍÐIN

Náttúruvernd, útivist, hreyfing, hollur matur, hreint loft, útsýni, víðerni, plöntur, dýr. Allt er þetta órofa heild og undirstaða góðrar heilsu og lífsgæða og verndun alls þessa á heima í atvinnustefnu. Boðað átak heilbrigðisráðherra gegn offitu gæti komið inn í atvinnustefnuna með plani um heilbrigðari lífshætti, heilsusamlegra umhverfi, greiðum aðgangi að náttúrunni, nothæfar almenningssamgöngur og gott aðgengi að menntun, útivist og þjónustu. Hlutverk ríkisstjórnar gagnvart atvinnuvegum þjóðarinnar hlýtur fyrst og fremst að vera að tryggja innviðina, umhverfið og náttúruna. Ýta undir fjölbreytta menntun og menningu og skapa lagaumhverfi, sem kemur í veg fyrir fúsk og sjálftöku á öllum sviðum og gerir framkvæmdaaðila ábyrgan fyrir afleiðingum ágengra og auðlindafrekra verkefna. Í þeirri atvinnustefnu sem ríkisstjórnin boðar hér er áherslan mest á sem hraðastan hagvöxt án þess að hugsað sé til þess hvað hann kosti umhverfi, náttúru og samfélag. Slík stefna fer þvert gegn alþjóðlegum samningum sem Ísland hefur undirskrifað hvað útblástur, líffræðilega fjölbreytni og verndun hafsins varðar. Þetta er „árangur áfram ekkert stopp” stefna sem minnir á slagorð fyrri kynslóða stjórnámálamanna og vel var lýst í Draumalandi Andra Snæs Magnasonar. Skammtímasýn sem hægt væri að búast við frá Viðskiptaráði og Samtökum iðnaðarins frekar en ríkisstjórn sem kennir sig við jöfnuð, velferð og ábyrgð í loftslags- og umhverfismálum.

Fyrir hönd stjórnar Landverndar.

Þorgerður María Þorbjarnardóttir, formaður.